

Ed. 128. Frumvarp til laga [2. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1965, um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. des.)

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

3. Lán þau, sem íbúðaeigendum hafa verið veitt samkvæmt 2. mgr. C-liðar 7. gr. laganna og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970, skulu greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1970. Jafnframt skulu vextir af lánum þessum lækka í 5% p. a. og greiðast 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.